



Friður og sátt með friðarsamningi milli Ísraels og Palestínu

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 29. október 2015 neðangreind tilmæli að tillögu forsætisnefndar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær hvetji Ísraelsmenn og Palestínumenn og veiti þeim stuðning til að stuðla að friði og sáttum með friðarsamningi sem byggir á alþjóðarétti og ályktunum SP.

Kaupmannahöfn, 4. nóvember 2015

Höskuldur Þórhallsson

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Þingmannatillaga um að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt ríki

Tilmæli 21/2015

Fyrri númer:
A 1634

1. Tillaga forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin leggur til

að Norðurlandaráð fjalli um málin á þingfundinum í Reykjavík með umræðu og atkvæðagreiðslu á milli þriggja tillagna sem lagðar voru fram á fundi forsætisnefndar 26. mars 2015.

Fjallað um í:
ForsætisnefndFylgiskjal: Nefndarálit um
þingmannatillögu

Málsnúmer 14-00283-15

2. Forsaga

Forsætisnefndin fjallaði á árinu 2012 um skylda tillögu, A 1560/præsídiet: Þingmannatillaga um að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt ríki. Ekki reyndist nægjanlegur stuðningur í forsætisnefnd við tillöguna. Forsætisnefndin hafnaði tillögunni með þeim rökum að það væri ekki hlutverk Norðurlandaráðs að tjá sig um átök í fjarlægum löndum.

Flokkahópur vinstri sósíalista og grænna (VSG) tekur fram í tillögu sinni að öll norrænu löndin ættu að fylgja dæmi Íslands og Svíþjóðar um að styðja þróun sem leiði til sjálfstæðis Palestínu jafnhliða Ísrael þar sem jafnræði og friður ríki milli tveggja nágranna.

Varðandi skoðanir á átökum í heiminum bentu menn úr flokkahópi vinstri sósíalista og grænna á það í umræðunni að Norðurlandaráð hafi tekið afstöðu í Úkraínudeilunni með yfirlýsingu á þemaþinginu á Akureyri í apríl 2014.

3. Umsagnir

Tillagan var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 28. október 2014 af Hákan Svenneling (V) fyrir hönd flokkahóps vinstri sósíalista og grænna (VSG). Mikil umræða spannst um tillöguna og margir þingmenn tóku til máls. Sumir studdu tillöguna en flestir voru gagnrýnir á hana.

Á fundi norrænu forsætisráðherranna sem haldinn var á þingdögum Norðurlandaráðs í Stokkhólmi ræddu þeir málefni Miðausturlanda, þar á meðal viðurkenningu Svía á Palestínu. Á blaðamannafundi eftir fundinn sagði Stefan Löfven, nýbakaður forsætisráðherra Svíþjóðar, eftirfarandi:

„Við erum sammála um að við óskum eftir tveggja ríkja lausn á milli Ísraels og Palestínu. En við erum einnig sammála um að við förum ólíkar leiðir í þeim málum. Það er eflaust til dæmis um norræna gagnsemishyggju að við veljum ólíkar leiðir að sama takmarki í sátt og samlyndi.“

Málið var aftur nefnt á leiðtogafundi á þinginu. Þar sagði danski forsætisráðherrann, Helle Thorning-Schmidt:

„Ég held að við séum mörg í þessum sal sem eigum brennandi ósk um frið í Miðausturlöndum, brennandi ósk um að samkomulag náist um tveggja ríkja lausn en okkur greinir líka á um hvernig við náum því markmiði. Það er skoðun mín, skoðun ríkisstjórnar minnar, skoðun meirihluta danska Þjóðþingsins, að eins og er komi ekki til viðurkenningar á palestínsku ríki. Danska ríkisstjórnin mun því ekki viðurkenna palestínskt ríki.“

4. Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Umræðan á þingi Norðurlandaráðs sýndi annars vegar skýra ósk um frið í Miðausturlöndum en einnig að samstaða ríkir hvorki í hópi ráðherra né þingmanna um að viðurkenning á Palestínu sé rétta lausnin að svo stöddu. Þá voru skiptar skoðanir á því hvort afskipti Norðurlandaráðs af alþjóðamálum ættu að einskorðast við grannsvæðin þar sem Norðurlandaráð á bein samskipti við þingmenn.

Málefnið var tilefni fjórugar umræðu á fundi forsætisnefndarinnar í desember í Lysebu og aftur á fundinum í janúar á Álandseyjum. Þá óskaði helmingur forsætisnefndar eftir því að ljúka afgreiðslu tillögunnar og samþykkja fyrri útgáfu af nefndarálit, þar sem lagt var til að Norðurlandaráð aðhefðist ekkert frekar vegna þingmannatillögu um að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt ríki. Hinn helmingurinn óskaði eftir því að fresta endanlegri afgreiðslu og var það samþykkt þar sem atkvæði forseta ræður úrslitum við jafnan fjölda atkvæða.

Sumir úr síðarnefnda hópnunum óskuðu eftir breytingum á upphaflegu tillögunni og lagði Höskuldur Þórhallsson, forseti ráðsins fram Breytta þingmannatillögu A 1634/præsídiet. Þar stendur m.a.:

Á ráðstefnunni „Sjálfstjórnarsvæðin á Norðurlöndum – reynsla og framtíðarsýn frá sjónarhorni friðar“, sem haldin var á fundardögum Norðurlandaráðs í janúar 2015, kom fram að Norðurlöndin bæru sérstaka ábyrgð á því að vekja athygli á friðsamlegum lausnum sem náðst hafa með Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi og væru þær þáttur í vörumerki Norðurlanda í heimi þar sem frændþjóðir og nágrennar skekja vopnin af ólíku tilefni. Friður er eitt af norrænu gildunum. Sterkur vilji er fyrir því að norrænu löndin og Norðurlandaráð beiti sér fyrir friðsamlegum lausnum á deilum. Norðurlöndin hafa gott orð á sér úti í hinum stóra heimi sem boðberar friðsamlegra lausna og í því felst norrænt notagildi fyrir almenning á Norðurlöndum.

Á undanfórnum árum hafa þingmenn í Norðurlandaráði verið sammála um að ráðið eigi í auknum mæli að láta utanríkismál sig varða. Þess vegna var yfirlýsingin á þemaþinginu á Akureyri í apríl 2014 eðlilegt framhald af þeirri samstöðu. Eftir þemaþingið 2014 er viðtekið að utanríkismál séu í verkahring Norðurlandaráðs. Í umfjöllun og aðgerðum ráðsins í utanríkismálum er áhersla lögð á lýðræði og skuldbindingar á alþjóðavettvangi.

Flutningsmaður tillögunnar telur að stærri einhugur sé um annan málslið þingmannatillögunnar og leggur því til að fyrsti málsliðurinn verði felldur niður og að smávægilegar breytingar verði gerðar á öðrum málslið.

5. Niðurstaða

Forsætisnefndin leggur til

að Norðurlandaráð fjalli um málin á þingfundinum í Reykjavík með umræðu og atkvæðagreiðslu á milli þriggja tillagna sem lagðar voru fram á fundi forsætisnefndar 26. mars 2015.

Kaupmannahöfn, 26. mars 2015

Höskuldur Þórhallsson (F), Íslandi	Marit Nybakk (A), Noregi
Karin Gaardsted (S), Danmörku	Phia Andersson (S), Svíþjóð
Guðbjartur Hannesson (A), Íslandi	Hogni Hoydal (T), Færeyjum

Norðurlandaráð

Tilmæli 21/2015

Fyrri númer:
A 1634

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
þingmannatillögu

Málsnúmer 14-00283-15

Lagðir voru fram eftirfarandi fyrirvarar:

Fyrirvari 1:

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar varðandi A 1634/præsídiet þingmannatillögu um að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt ríki.

Kaupmannahöfn, 26. mars 2015

Juho Eerola (saf),
Bertel Haarder (V),
Anders Eriksson (ÁF)

Kimmo Sasi (saml),
Michael Tetzschner (H)
Hans Wallmark (M)

Fyrirvari 2:

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð samþykki

að biðja þingmenn um að hvetja ríkisstjórnir sínar til að styðja tveggja ríkja lausn Ísraels/Palestínu og sem frjálst og fullvalda ríki þegar það getur orðið friðarferlinu til framdráttar.

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær hvetji Ísraelsmenn og Palestínumenn og veiti þeim stuðning til að stuðla að friði og sáttum með friðarsamningi sem byggi á alþjóðarétti og ályktunum SP.

Reykjavík 27. október 2015

Höskuldur Þórhallsson (F)
Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Marit Nybakk (A)

Norðurlandaráð

Tilmæli 21/2015

Fyrri númer:
A 1634

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
þingmannatillögu

Málsnúmer 14-00283-15